

Jean-Baptiste Charcot

Franski landkönnuðurinn og vísindamaðurinn Jean-Baptiste Charcot var fæddur í Neuilly í Frakklandi árið 1867. Hann lagði stund á læknisfræði en hafði alltaf verið heillaður af sjónum og langaði til að verða sjómaður. Um aldamótin 1900 ákvað hann að hætta í námi og láta drauma sína um sjóferðir rætast.

Árið 1901 gerðu ýmsar þjóðir út leiðangra til Suðurheimskautsins. Charcot langaði til að Frakkland tæki þátt og ákvað að verja mestum hluta eigna sinna í að fjármagna slíkan leiðangur. Árið 1903 var hafin smíði skips til ferðarinnar og fékk það nafnið Français.

Farsæll ferill

Skemmst er frá að segja að Charcot varð afar farsæll vísindamaður og áttu leiðangrar hans m.a. mikinn þátt í framförum í kortagerð. Hann sigldi bæði til Suður- og Norðurpólsins. Ferðirnar voru þó síður en svo hættulausar og eftir að Français kom laskað úr leiðangri árið 1905 var það selt. Árið 1908 lét Charcot hefja smíði skips sem fékk nafnið Pourquoi pas (= af hverju ekki?) Það var þrímastra og sérstyrkt til siglinga á heimskautasvæðum.

Stopp á Íslandi 1936

Charcot varð einn af frægustu landkönnuðum heims. Alls hafði hann gert út 27 leiðangra til heimskautasvæðanna þegar hann kom sem oftast í Reykjavík vegna bilunar í Pourquoi pas? í byrjun september 1936. Viðgerðir tóku um tvær vikur. Þann tíma má gera ráð fyrir að Charcot hafi nýtt til að hitta fólk sem hann hafði kynnst á fyrri ferðum sínum til bæjarins. Má þar nefna Þóru Friðriksson (1866-1958), mikilhæfa konu sem var vel heima bæði í franskri tungu og menningu. Þóra var fjölskylduvinur Charcots og til eru bréf sem hann og Meg kona hans skrifuðu henni á árabílinu 1925–1952. Síðasta bréf Charcots til Þóru er skrifað á jóladag 1934.

Óveður

Þriðjudaginn 15. september var viðgerð lokið og kl. 13.00 lagði Pourquoi pas? úr höfn. Engan grunaði þá þau örlög sem biðu skipverjanna. Þeir voru 41 talsins; einvala lið reyndra fræðimanna og sjómanna. Áhöfnin var farin að hlakka til að

komast heim en förinni var þó fyrst heitið til Danmerkur þar sem danska Landfræðingafélagið ætlaði að heiðra Charcot fyrir vísindastörf hans.

Örlög ráðast

Talið er að Pourquoi pas? hafi verið stutt fyrir utan Reykjanes þegar ofviðri skall á. Skipinu var snúið við og haldið inn á flóann til skjóls en veðrið herti og kl. 22.00 var komið ofsarok. Margir sem voru á hafi úti þessa nótt telja veðrið vera það harðasta sem þeir hafi fengið á sjó. Í viðtali við Þjóðviljann tæpum fimmtíu árum síðar rifjar Ingibjörg Friðgeirsdóttir húsfreyja á Hofsstöðum á Mýrum upp minningar sínar frá nóttinni sem í hönd fór:

„... daginn áður hafði ég verið að taka upp fáeinar kartöflur og látið þær í járnþott - hann var nokkuð stór ... Ég sá hann hvergi, þegar ég kom út, en bjóst við að hann væri einhvers staðar nærri. En rokið hafði verið það mikið að hann hafði tekist á loft í heilu lagi og það fleygt honum nokkra metra yfir í brekkuna hinum megin. Þar hafði hann skollið svo hastarlega niður að hann klofnaði upp úr ... “

Í þessum ósköpum bar Pourquoi pas af leið en ætlunin var að leita aftur til Reykjavíkur. Hraktist skipið inn í skerjagarðinn við Mýrar. Daginn eftir barst sú fregn að það hefði strandað við skerið Hnokka nálægt bænum Straumfirði. Veður var enn slæmt. Slysavarnarfélagið sneri sér til Akraness og mb Ægir var sendur á staðinn, nýr bátur í eigu Sturlaugs Haraldssonar. Unnu skipverjar þrekvirki við að ná áfangastað. Tíu manns voru um borð og lagt var upp kl. 10.00. Þegar Ægir kom á slysstað sást ekkert af skipinu nema einn masturstoppur. Skipverjar fengu þá þau skilaboð að aðstoðar þeirra væri ekki þörf, en komust ekki út vegna slæms sjólags og fóru flestir í land til aðstoðar. Alls hafði þá 21 lík rekið á land. Var gengið eins vel frá þeim og unnt var í brekkunni við fjöruna. Fræg er ljósmynd Finnboga Rúts Valdimarssonar (1907-1989) af þessu.

Einn eftirlifandi

Þegar Guðjón Sigurðsson bóndi í Straumfirði og Kristján Þórólfsson fóstursonur hans komu út á hlað um morguninn 16. september brá þeim í brún þegar þeir sáu stórt skip svo nálægt landi og áttuðu sig á að stórslys hafði orðið. Einungis

einn skipverji komst af, það var Eugène Gonidec stýrimaður. Hann hafði náð að halda sér föstum á landgangi og rak þannig að landi. Þar kom Kristján auga á hann og gat náð honum úr öldurótinu og var það vel af sér vikið hjá 18 ára dreng. Gonidec var hjúkrað í Straumfirði þar sem Guðjón bjó með Þórdísi Jónsdóttur konu sinni og Sigríði Þorsteinsdóttur vinnukonu. Auk þeirra var Ingibjörg Friðgeirsdóttir fljótlega komin til aðstoðar. Þrátt fyrir örþreytu og saltstorkin augu hresstist Gonidec tiltölulega fljótt en reynt var að halda honum frá þeim gluggum hússins sem vissu að sjónum. Hann þurfti þó að bera kennsl á líkin. Sem einn eftirlifenda átti hann mjög um sárt að binda. Líkin sem fundist höfðu voru flutt til Reykjavíkur og fleiri fundust rekin síðar. Alls fórust 40 manns með skipinu þessa örlagaríku nótt.

Morgunblaðið 17. sept. 1936: „...Vér getum ekkert gert til að létta harm hinna syrgjandi ástvina í fjarlægu landi. Vér getum aðeins fullvissað þá um, að engin þjóð í heiminum er líklegri til að skilja sorg þeirra en vér Íslendingar.“

Útför frá Landakotskirkju

Útfararathöfn var haldin í Landakotskirkju 30. september og er það einhver sú viðhafnarmesta hér á landi. Var mannfjöldi á götum bæjarins og fánar blöktu í hálfu stöng. Að athöfninni lokinni voru líkin sem fundist höfðu flutt til Saint Malo í Frakklandi. Vigdís Finnbogadóttir, síðar forseti Íslands var þá lítil stúlka og minnst þessa svo:

„Það var fagur og sólríkur septemberdagur. ...Mér fannst eins og allir íbúar Reykjavíkur væru þarna saman komnir. Skyndilega tóku allir karlmennirnir ofan og þá sá ég margar líkkistur bornar út úr kirkjunni.... Þetta hafði svo sterk áhrif á barnssálina í mér...“

Eftirmáli

Í byrjun október voru lík skipverjanna komin til Frakklands. Á ströndinni stóð þögull mannfjöldi og laut höfði. Minningarathöfn var haldin í Saint-Malo og útför á vegum franska ríkisins frá Notre Dame kirkjunni í París.

Skammt undan landi, laust við ystu boða
 í löðurróti, siglir skipið grátt,
 djarft eins og fugl, sem heldur hæstu brautir,
 með hjartað fullt af þrá, í sólarátt.
 Þannig er haldið, líkt og fuglinn frjáls, -
 sem flýgur glaður inn til dauðans sjálfs.

Vilhjálmur frá Skáholti
 Kvæðið Pourquoi pas? 4. erindi.

Sumarið 1961 tókst köfunarleiðangri að finna flak skipsins. Með í ferð var Eysteinn Sveinbjörnsson kafari (f. 1929). Árið 2011 kom hann í Safnahús og færði byggðasafninu rauðvínsflösku úr skipinu að gjöf. Hana hafði hann þá varðveitt í fimmtíu ár.

Landgangurinn sem skipverjinn Gonidec bjargaðist á var varðveittur í franska sendiráðinu fram til ársins 2000 að hann var fluttur með viðhöfn til Frakklands. Það voru skipverjar af frönsku gólettunum Etoile og Belle Poule sem báru hann frá sendiráðinu við Skálholtsstíg í gegnum miðbæ Reykjavíkur og til hafnar.

Frú Vallin-Charcot, barnabarn Charcots hefur oft sótt Ísland heim í minningu afa síns og kom síðast haustið 2015. Í Safnahúsi gat hún skoðað muni úr skipinu og lesið sendibréf afa síns og ömmu til Þóru Friðriksdóttur. Frú Vallin-Charcot var kornabarn þegar afi hennar fórst og var ömmu sinni mikil huggun í þeim missi. Með frú Vallin-Charcot voru franskir kvikmyndagerðarmenn auk Svans Steinarssonar sem er frá Straumfirði og hefur lagt sitt af mörkum til að saga þessa harmræna atburðar gleymist ekki.

Guðrún Jónsdóttir 2016
 Safnahús Borgarfjarðar

Heimildir:

Morgunblaðið. 1936. 19. september, bls. 3.

Morgunblaðið. 1936, 17. september, bls. 5.

Morgunblaðið. 1936. 18. sept. bls. 4.

Morgunblaðið. 1936. 1. október, bls. 3.

Morgunblaðið. 1936. 13. október, bls. 6.

Morgunblaði. 1936. 14. október, bls. 2.

Morgunblaðið. 1958. Thora Friðriksson. 24. apríl, bls. 9.

Morgunblaðið (Elín Pálmadóttir).2000. 5. ágúst, bls. 30-31.

Morgunblaðið.2006. 10. september, bls. 28.

Vigdís Finnbogadóttir. 2006. Bernskuminning, formáli að bók Serge Kahn um Jean-Baptiste Charcot.

Vilhjálmur frá Skáholti. 1992. Rósir í mjöll. Bls.:152.Hörpuútgáfan.

Þjóðviljinn, 1982. Við tal við Ingibjörgu Friðgeirsdóttur á Hofsstöðum.

Þóra Friðriksson. 1941. Formáli að bókinni Charcot við Suðurpól, bls. 7-9.

Ægir, mánaðarrit.1936. 9. tbl. sept. bls. 189-190

Ægir, mánaðarrit.1936. 9. tbl. okt.. bls. 209-210.

The Fatal Voyage of Pourquoi Pas?

The respected french scientist Dr. Jean-Baptiste Charcot (1867-1936) was leader of the French Antarctic Expedition. He was captain of the ship Français while exploring Antarctica from 1904 until 1907. His next ship was the 3 mast bark Pourquoi Pas? The ship was built in St Malô, France, in 1908. It was heavily reinforced and used for polar exploration. Charcot had often stopped by in Reykjavík on his expeditions and had good friends there, such as Þóra Friðriksson. She had lived in France and was very familiar with its language and culture.

At the beginning of September 1936 the Pourquoi pas? was on its way from an expedition to Greenland and stopped in Reykjavík for repairs. On the afternoon of September 15th, the ship left Reykjavík, heading for France with a scheduled stop in Copenhagen. Shortly after they set sail a huge storm hit them, throwing the ship on a reef by Straumfjörður in Mýrar so violently that the ship sank. The Icelandic farmers of Straumfjörður rushed through the storm as soon as they saw what had happened, in order to rescue what and whom they could. A young man, Kristján Þórólfsson managed to get a sailor by the name of Eugene Gonidec out of the heavy seas, but he was the sole survivor of the 41-man crew. Captain Charcot, the famed explorer, went down with his ship.

A memorial was held in Reykjavík after the accident as the shipwreck had caused great sorrow in Iceland.

In the 1960s, the wreck of Pourquoi pas? was rediscovered by a diving team. A monument to Jean-Baptiste Charcot and his crew was later erected at the site of the shipwreck, in Straumfjörður. The district Borgarfjörður is regularly visited by Charcot's grand-child madame Vallin-Charcot in the memory of her grandfather.

Even though this tragic event happened more than 80 years ago, it will long be remembered in Borgarfjörður.